

Stafrænt ráð.

Rafræn skilríki og aðgengi. Bókun aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks.

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks þann 6. október 2022 fór fram kynning á rafrænum skilríkjum og aðgengi sbr. 1. liður fundargerðar nefndarinnar sama dag.

Aðgengis- og samráðsnefnd lagði fram svohljóðandi bókun:

Aðgengis- og samráðsnefnd þakkar fyrir kynninguna. Aðgengis- og samráðsnefnd telur mikilvægt að leiðir til að sækja þjónustu í borginni fyrir fatlað fólk og aðra jaðarsetta hópa án rafrænna skilríkja séu ekki verri en þegar sótt er þjónusta með rafrænum skilríkju m. Aðgengis- og samráðsnefnd telur að gott væri að hafa sérstakt símanúmer sem hægt væri að hringja í til að fá aðstoð við stafræna þjónustu og stafræn mál. Auk þess væri gott ef stafrænt aðstoðarfólk (e. digital caregiver) væru til staðar. Bókun þessi skal send til Stafræns ráðs.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,
Valgerður Jónsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

: